
Starfsáætlun Álfhóls frístund Álfhólsskóla

2024-2025



Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026

alfholl@kopavogur.is

andri.helgason@kopavogur.is

Efnisyfirlit

Hagnýtar upplýsingar	3
Gjaldskrá og innheimta	4
Starfsemi	4
Hópastarf og val	5
Frístundarúta	6
Fræðilegur bakrunnur	7
Starfsmenn	7
Síðdegiskaffi	8
Foreldrasamstarf	8
Skólabragur/reglur	9
Einelti	9
Innra mat	10
Ytra mat	10
Barnaráð	11
Öryggi og verkferlar	12
1. Fyrirkomulag inn- og útskráning barna	12
2. Barn mætir ekki	12
3. Barn týnist	12
4. Á ferð með börnum	12
5. Að fara í íþróttarútu	12
6. Alvarleg slys	13
7. Smávægilegir áverkar	13
8. Rýmingaráætlun	13
9. Viðbrögð við vá	14
Listi yfir frístundaleiðbeinendur	14
Símenntunaráætlun	15
Aukin þjónusta	15
Skipulagsdagar	15

Hagnýtar upplýsingar

Frístundaheimilið Álfhóll/Álfasteinn er fyrir börn í 1. - 4. bekk í Álfhólsskóla. Á skólaárinu 2024-2025 eru samtals 149 börn skráð í frístund; 47 börn í 1. bekk, 46 börn í 2. bekk, 42 börn í 3. bekk og 12 börn í 4. bekk.

1. - 2. bekkur er staðsettur í austurálmú skólans í Digranesi í sérými og er 3. - 4. bekkur staðsettur í Álfasteini í Digranesi þar sem gengið er inn á norðurhlið. Álfhóll hefur að auki aðgang að matsal skólans fyrir starfsemi sína og stundum íþróttasal HK. Álfhóll opnar þegar skóla lýkur kl. 13:30 og er opin til kl. 16:30, á miðvikudögum líkur skóladegi nemenda kl. 12.50 og opnar Álfhóll því fyrr á þeim dögum. Umsóknir í frístund fara fram í gegnum skráningarkerfi sem heitir „Vala“. Ef börn eru veik eða í leyfi út skóladaginn nægir að láta skólaritara vita um morguninn. Ef barn fer heim á miðjum skóladegi eða er í leyfi einungis í frístund en ekki á skólatíma skal tilkynna það til Álfhóls fyrir kl 12:30 í síma 441-3851 eða senda póst á alfholl@kopavogur.is. Einnig skal það tilkynnt til Álfhóls ef breyting verður á því hver sækir barnið og/eða ef barnið má fara heim með öðrum. Foreldrar eru beðnir að hringja ekki í síma 441-3851 milli kl. 12:30 – 16:30 nema nauðsyn krefji.

Við skráningu barns í Álfhól er merkt inn hvort barnið megi sjálf ganga heim eða hvort það verði sótt. Nauðsynlegt er að virða það sem þið hafið sett fram, ef það þarf að skrá breytingu þarf að senda inn breytingabeiðni í gegnum Völu. Ef til þess kemur að breyta þurfi fyrirkomulagi samdægurs er mikilvægt að koma skilaboðum til forstöðumanns með símtali á símatíma eða senda tölvupóst, fyrir kl. 12:30. **Sé póstur sendur eftir kl. 12:30 er ekki víst að boðin komist til skila.** Einnig viljum við biðja foreldra að virða skráðan vistunartíma og bendum einnig á að Álfhóll lokar kl. 16:30. Þegar börnin eru sótt er afar mikilvægt að finna næsta starfsmann og láta vita svo hægt sé að merkja börnin út.

Ef hafa skal samband við forstöðumann skal hringja í síma 441-3851 milli 09:00-12:30, einnig má senda tölvupóst á netfangið andri.helgason@kopavogur.is. Á milli klukkan 13:20-16:30 er símanúmer fyrir Álfhól (1. - 2. bekkur) 863-6819 og fyrir Álfastein (3. - 4. bekkur) 621-4189.

Gjaldskrá og innheimta

Hægt er að skoða gjaldskrá Kópavogar inná <https://www.kopavogur.is/is/gjaldskra>. Þar er hægt að sjá matargjöld, gjöld fyrir dvöl og afslætti fyrir einstæða foreldra, námsmenn og öryrkja ásamt fleiru.

Innheimta dvalar- og matargjalda fyrir frístund og fæðisgjald fyrir hádegismat fer fram hjá innheimtudeild Kópavogsbæjar. Innheimta fer fram samkvæmt innheimtureglum Kópavogsbæjar. Skóli kemur óformlega að innheimtu eins og hér segir og sér um að segja upp vist/áskrift ef ekki er gengið frá greiðslu eftir ákveðinn tíma.

- **1. hvers mánaðar** er gjalddagi. Gjöld í frístund eru innheimt eftir á.
- **10. hvers mánaðar** er eindagi.
- **12. hvers mánaðar** sendir innheimtudeild út stöðu vanskila. Skal skóli veita óformlega áminningu hafi skuld ekki verið greidd (t.d. símtal eða tölvupóstur) áður en formlegt ferli af hálfu bæjarins fer af stað.
- **20. hvers mánaðar** hefst formlegt ferli af hálfu bæjarins, þá er send áminning frá bankanum til þeirra sem ekki hafa greitt.
- **10. næsta mánaðar** fer krafa í milliinnheimtu til Inkasso hafi skuld ekki verið greidd og er þá úr höndum bæjarins. Sjá nánar ferli mála í milliinnheimtu og löginheimtu í innheimtureglum Kópavogsbæjar.
- Ef skuld hefur ekki verið greidd **að tveimur mánuðum liðnum** skal skólinn segja vist barns/mataráskrift upp frá og með næstu mánaðarmótum þar á eftir.

Starfsemi

Álhóll opnar þegar kennslu lýkur. 1-4. bekkur mætir klukkan 13:30 alla daga nema miðvikudaga, þá mæta þau 12:50. 1. og 2. bekkur byrja í síðdegishressingu þar sem reynt er að bjóða uppá fjölbreytt nesti. Á meðan fara 3. og 4. bekkur fyrst í Álfastein þar til 1. og 2. bekkur klára matartímann sinn. Eftir að þau klára síðdegishressingu fara allir út í útiveru og er lengd útiveru metin daglega eftir veðri. Þegar 1. og 2. bekkur koma inn hengja þau af sér og velja sér val sem er í boði á valtöflunni. Á sumum dögum er hópastarf í boði sem þau geta einnig valið að fara í.

3. og 4. bekkur fara í frjálst val, á sumum dögum er einnig hópastarf í boði fyrir þau.

Í Álfhól bjóðum við uppá fjölbreytt og skemmtilegt frístundastarf eftir að skóladegi lýkur. Lögð er áhersla á að börnin hafi stað til að vaxa og dafna í umhverfi sem einkennist af góðum anda, virðingu, öryggi, umhyggju, lýðræði og sjálfsefningu. Við hvetjum börnin til þess að hafa áhrif á umhverfið og láta í sér heyra með sínar skoðanir og ábendingar.

Frístundaheimilið er staður fyrir börnin þar sem þeim á að líða vel og hafa gaman af. Einnig er lögð áhersla á að efla félagsfærni barnanna. Við leiðbeinum þeim í samskiptum í gegnum leik og starf. Markmið Álfhóls/Álfasteins er að stuðla að óformlegri menntun um þætti er varða lífið og tilveruna, styrkja börnin félagslega, bjóða nemendum upp á faglegt og skemmtilegt starf í frítíma þeirra og kenna börnunum að stjórna frítíma sínum sjálf innan ákveðins ramma.

Hópastarf og val

Boðið er uppá hópastarf sem haldið er utan um af starfsmönnum Álfhóls. Í boði eru hópar líkt og fótboltaklúbbur og myndlistaklúbbur og eru fleiri klúbbar eru væntanlegir líkt og tónlistaklúbbur og mögulega D&D klúbbur. Einnig er kennd skák og kór á tíma frístundarinnar. Rík áhersla er lögð á val og er valtafla fyrir 1. - 2. bekkjar starfið. Á valtöflunni eru ákveðin viðfangsefni sett upp í upphafi hvers dags og eru þau mismunandi eftir dögum. Markmið með valtöfluna er til þess að hafa yfirsýn með 1.-2. bekk og kenna þeim að dvelja við verkefni sem þau hafa valið í einhverja stund. Á hverjum degi hafa börnin val um nokkra hluti til að gera yfir daginn. Dæmi um val á töflunni er teikna, fótboltaspil, vinaarmbönd, spil, föndur, útivera, legó o.s.frv. Vikulega dagskráin er svo reglulega brotin upp með skemmtilegum viðburðum eins og til dæmis bío, íþróttadegi, degi erlends uppruna, teiknimyndasmiðju, vettvangsferðum o.fl. Í 3. - 4. bekk er ekki valtafla



og er lögð meiri áhersla á frjálst val ásamt hópastörfum. Frjálsta valið hjá 3.-4. bekk gefur barninu þann kost á að velja þann stað sem barnið vill óháð valtöflu, líkt og er í félagsmiðstöðvum. Í vetur verður einnig í boði hópastörf fyrir 1.-4. bekk. Þar munu þau skrá sig í ákveðið hópastarf sem þau fara í 1-2x í viku á meðan frístund stendur. Á

venjulegum dögum verða viðfangsefnin á óformlegum nótum og börnin geta valið og flakkað á milli viðfangsefna á hálf tíma fresti.

Frístundarúta

Álfhóll sér einnig um grænu frístundarútuna í samstarfi við íþróttafélagið Breiðablik. Einn starfsmaður fer á hverjum degi fyrir utan föstudaga í rútu þar sem hann er með spjaldtölvu með lista yfir þau börn sem eru skráð í rútu. Starfsmaðurinn safnar þeim saman og fer með þeim uppá strætóstoppestöð og fylgir þeim á æfingar. Rútan ferðast ákveðin hring um Kópavog í samræmi við æfingatöflur. Starfsmaðurinn passar að allt gangi samkvæmt verklagi, passar að börnin fari út á réttum stað, séu spennt í sætisbeltin og séu örugg í rútnni. Allir óskilamunir sem eftir verða í rútnni eru settir inn í Kórinn. Rútan skilar ekki börnunum til baka í frístund eftir æfingu heldur verða foreldrar að sækja börnin sín á æfingu.



Fræðilegur bakrunnur

Í Álfhól leggjum við áherslu á að öll börn, óðháð kyni, stétt, menningu, trú eða uppruna, hafi jöfn tækifæri til að vaxa og dafna í frístundastarfinu.

Stutt er við óformlegt nám líkt og kenningar eftir til að mynda John Dewey um reynslunám. Hugtakið reynslunám gefur til kynna að gæði upplifunar segir til um mikilvægi lærdómsins. Börnin læra í gegnum upplifun og ígrundun. Einnig er stutt við kenningar líkt og fjölgreinda kenninguna eftir Howard Gardner þar sem hann skilgreinir greindir í átta

mismunandi flokka, jafnvel fleiri. Þar sem hann segir að allir búi yfir öllum þessum greindum en þó í mismiklum mæli. Málgreind, rök- og stærðfræðigreind, rýmisgreind, líkams- og hreyfigreind, tónlistargreind, samskiptagreind, sjálfsþekkingargreind og umhverfisgreind. Með þetta í huga er reynt að mæta ólíkum þörfum og ólíkum greindum með mismunandi aðferðum og nálgunum.

Starfsmenn

Frístundaleiðbeinendur/-ráðgjafar/stuðningsfulltrúar eru hvattir til þess að koma með hugmyndir og taka ábyrgð á verkefnum líkt og hópum og smiðjum sem þau hafa áhuga á að hafa fyrir börnin. Börnin velja sér svo klúbba eftir áhugasviði, dæmi um klúbba er til að mynda vísinda-, íþrótt-, lista-, fréttablaða-, spila, dans-, söng- klúbb, og Leiklistarklúbb eða eitthvað álíka. Mikilvægt er að starfið sé fjölbreytt til að reyna mæta fjölbreytileika barnanna.

Starfsmenn leiðbeina börnunum í samskiptum, virkja þau í leik og starfi, auka sjálfstæði þeirra ásamt því að vera meðvituð um að auka ábyrgðartilfinningu þeirra og styrkja félagsfærni þeirra. Þeir passa jafnframt upp á öryggi barnanna og að þeim líði vel í frístund. Starfsmenn þurfa að geta speglað jákvæða sjálfsmynd og sýnt umhyggju. Góð félagsfærni er einnig mikilvæg færni sem starfsmenn þurfa að hafa. Einnig er lögð áhersla á að starfsmenn taki virkan þátt í starfinu með börnunum. Í Álfhól er lögð áhersla á lýðræði og er mikilvægt að hlustað sé á börnin, hvað þau vilja gera og hvernig þau vilja hafa starfið því þetta er þeirra starf þar sem þeim á að líða vel, við getum til að mynda gefið þeim val á síðdegishressingu, stofnað málefnaþópa, leyft þeim að skipuleggja viðburði og fleira.

Síðdegiskaffi

Síðdegiskaffi í Álfhól fer fram á bilinu 13:30 til 14:20. Nemendur sem eru í Álfhól á þeim tíma greiða gjald fyrir hressingu. Lagt er mikið upp úr því að hressingin sé holl og góð en einu sinni í mánuði eða síðasta föstudag hvers mánaðar gerum við vel við okkur og bjóðum upp á íspinna/frostpinna í tilefni afmælisbarnanna í þeim mánuð. Á þeim dögum verða nöfn afmælisbarnanna lesin upp og sungið fyrir þau. Matseðill fyrir október 2024:

Október matseðill			
Vika 1		Vika 3	
2.okt	Brauð, egg, ostur, smjör, gúrka (ávextir)	16.okt	Brauð og álegg (ávextir)
3.okt	Kryddbrauð, smjör og (ávextir)	17.okt	Pizzasnúðar og kakó (ávextir)
4.okt	Skyr með bláberjum og mjólk útá	18.okt	Jógurt og cherios (ávextir)
5.okt	pizzasnúðar og kakó	19.okt	Ostaslaufur og djús (ávextir)
6.okt	Skonsur, smjör, ostur og hangiálegg	20.okt	Brauð, egg, ostur, smjör og gúrka (ávextir)(ÍS)
Vika 2		Vika 4	
9.okt	Pasta með skinku og tómatsósu (ávextir)	23.okt	Grænmetisbakkar og Grænmetisósa, saltkex og djús
10.okt	Skyr (ávextir)	24.okt	Brauð og álegg (ávextir)
11.okt	Jógurt með cherios (ávextir)	25.okt	Skyr með bláberjum og mjólk útá
12.okt	Kanilsnúðar og djús (ávextir)	30.okt	Kanilsnúðar og djús (ávextir)
13.okt	Ristað brauð, smjör, ostur og sulta (ávextir)	31.okt	Ristað brauð, smjör, ostur og sulta (ávextir)

Foreldrasamstarf

Gott foreldrasamstarf er lykilinn að góðu og faglegu frístundastarfi. Við leggjum áherslu á upplýsingaflæði til foreldra ásamt jákvæðum samskiptum á milli starfsmanna og foreldra. Stofnaður var lokaður facebook hópur með foreldrum þar sem upplýsingar koma fram, ásamt því að sendur er reglulega póstur á foreldra. Á hverjum föstudegi er vikupóstur sendur á foreldra þar sem farið er yfir síðastliðna viku.

Þegar slys og veikindi eiga sér stað er alltaf hringt í foreldra og þeim gefnar upplýsingar um hvað gerðist yfir daginn eða spjallað við þau þegar foreldrar koma og sækja. Foreldrar eru einnig ávallt velkomnir í spjall.

Skólabragur/reglur

Álfhóll er staður fyrir börn, þar sem þau ættu að finna fyrir öryggi og hafa gaman af því að vera í frístund. Megingildi Álfhólsskóla/Álfhól er menntun – sjálfstæði – ánægja. Stuðlað er að skapandi starfi með fjölbreyttum aðferðum sem mætir ólíkum þörfum. Lögð er áhersla á að börnin sýni sjálfstæði, frumkvæði, ábyrgð og setji sér raunhæf markmið. Lögð er áhersla á jákvæðan skólabrag sem einkennist af lýðræði, góðu samstarfi við skóla og foreldra, góðri liðsheild, samvinnu, virðingu, samskipti, öryggi, ánægju, leik, vellíðan og fjölbreyttu starfi. Reglur í Álfhóli endurspeglar þessar áherslur sem börnin í 1 & 2.bekk bjuggu til:

Gullnu reglurnar í frístund

- ✚ Ekki hlaupa inni
- ✚ Ekki stríða öðrum
- ✚ Tala fallega við aðra
- ✚ Hlusta á aðra
- ✚ Hjálpa öðrum
- ✚ Ganga frá eftir sig
- ✚ Ekki skemma
- ✚ Ekki fara útaf skólalóðinni



Og síðast en ekki síst, hafa gaman



Þessar reglur voru settar af börnunum sjálfum



Ef brotið er á reglum er rætt við viðkomandi börn og ef þörf er á haft samband við foreldra/forráðamenn. Tekið er til frekari aðgerða ef barn brýtur reglur síendurtekið.

Einelti

Í Álfhól er einelti og annað ofbeldi ekki liðið og ef grunur er um einelti verður fylgt verklagsverkum Kópavogsbæjar sem byggja á barnaverndarlögum nr. 80/2002. Álfhóll er hluti af skólastarfi Álfhólsskóla og fylgir því sömu áætlun. Eineltisáætlunin er hluti af skólamenningaráætlun skólans, **Öll Sem Eitt (ÖSE)**. Finna má áætlunina inná heimasíðu Álfhólsskóla ásamt aðgerðaráætlun, eyðublaði og myndrænu ferli eineltismála. Álfhólsskóli vinnur einnig með *Vináttu – Fri for mobberi*, sem er

forvarnarverkefni sem byggist á rannsóknum um einelti og þeirri sýn að einelti sé menningarlegt, samskiptalegt og félagslegt mein en ekki einstaklingsbundinn vandi og er því lögð áhersla á að vinna með hópinn í heild og að byggja upp góðan skólabrag og menningu.

Innra mat

Í Álfhól er reglulega vegið og metið hvað gengur vel og hvað þarf að bæta. Tekin eru regluleg starfsþróunarviðtöl við starfsfólk þar sem starfsfólk hefur tækifæri á að koma sínum skoðunum og tillögum til skila, bæði um starfið, starfsandann og/eða stjórnun, ásamt því að fá að heyra frá yfirmanni hvað þau sjálf hafa verið að gera gott og hvort það þurfi að bæta sig.

Foreldrum er bent á að ef þau hafa einhverjar athugasemdir eða tillögur fyrir okkur er þeim velkomið að hringja, senda tölvupóst eða kíkja á okkur á skrifstofunni.

Börnin eru spurð reglulega hvað þau vilja gera og hvort það sé eitthvað sem þau vilja að við gerum betur og hvernig þeim líður í starfinu. Barnaráð er starfrækt í Álfhól

Ytra mat

Þjónustukönnun frístunda í Kópavogi var send út 15. janúar 2024 og var opin í tvær vikur. Tilgangur með þjónustukönnun var að fá fram skoðanir foreldra á gæðum frístundastarfs í Kópavogi með það að markmiði að fá fram það sem vel er gert og bæta það sem betur má fara. Foreldrar 38 barna svöruðu könnun.

Heilt yfir kom þjónustukönnun í Álfhól vel út. Foreldrar eru t.d. ánægðir með upplýsingaflæðið til foreldra þar sem 86,84% sögðust fá nægar upplýsingar frá frístund. Foreldrar voru einnig ánægðir með hversu aðgengilegir stjórnendur eru, 83,4% merktu við 7 stig eða hærra á skalanum 0-10 og merktu flestir á milli 8-10 stig. 81,48% svöruðu játandi að frístund væri að mæta þörfum barna varðandi sérstaka þjónustu. Foreldrar telja vera næg tækifæri til útiveru, þau telja að starfsfólk frístundar taki faglega á málum, þau voru einnig mjög jákvæð gagnvart samstarf milli foreldra og starfsfólks og flestir sammála um að börnin geti leitað til starfsfólks ef eitthvað kemur uppá.

Hins vegar eru alltaf tækifæri til úrbóta og samkvæmt niðurstöðum þjónustukönnunar. Í umbótaáætlun koma fram þau atriði sem þarf að bæta og hvernig unnið verður að því að bæta þau atriði.

Tækifæri til úrbóta	Aðgerðir til úrbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið?	Viðmið um árangur
Síðdegishressing/fjölbreytni	Gera matseðil og ýta eftir að honum sé fylgt	Forstöðumaður og kokkur	Strax	Mánaðarlegt/lýkur aldrei	Næstu könnun og samtal við börnin	Aðstoðarforstöðumaður og forstöðumaður frístundar ásamt matráði ræða saman um kosti og galla fyrirkomulagsins
Aðstaða í frístund	Gera aðstöðuna hlýlegri og meira kósý. Mögulega fá leyfi til að mála vegg, fleiri gólf teppi, lampa og álíka	Forstöðumaður frístundar og aðstoðar forstöðumaður	Mai/júní.	Fyrir sumarfrí	Með næstu könnun og samtal við börnin	Ræða á réttindaráðsfundi hvað börnin vilja gera til þess að gera svæðið hlýlegra
Tækifæri á rólegheit	Fara á bókasafnið og bjóða uppá lengri útiveru þegar við höfum mannskap. Fá betri aðstöðu. Meiri mannskap.	Forstöðumaður, Kópavogsbær og skólastjóri	Strax	Daglegt/lýkur ekki	Samtal við börnin og foreldra ásamt gefa út aðra könnun á næsta skólaári	Ræða við börnin um hvað þau myndu vilja gera varðandi rólegheit og hvernig þeim lýst á okkar hugmyndir um rólegheit
Bæta þekkingu starfsfólks um hvernig vinna á með börnum sem þarfnast sérstaka þjónustu	Gott væri að fá á hverju skólaári inn fræðslu fyrir frístundaleiðbeinendur hvernig vinna á með mismunandi börnum með mismunandi greiningar. Einnig myndist mér mikilvægt að allt nýtt starfsfólk þyrfti að fara á skyndihjálparnámskeið.	Skólastjóri(ásamt forstöðumanni)	Frá og með hausti 2024	Árleg fræðsla	Almenn og regluleg samtöl með starfsfólki ásamt árleg starfsþróunarviðtöl með starfsfólki og árleg könnun fyrir foreldra	Ræða við starfsfólk um þetta fyrirkomulag og athuga hvernig fræðslu þau myndu vilja og hvort þau séu með fleiri hugmyndir til að efla þekkingu þeirra

Barnaráð

Í barnaráði verður lögð áhersla á að valdefla börnin og gefa þeim tækifæri og töl til að koma að skipulagi starfsins. Með þessu er tryggt að starfsemin takið mið af sjónarhorni barnanna og að þeirra hagsmunir séu ávallt í fyrirrúmi. Settur verður einnig upp hugmyndakassi þar sem börnin geta skrifað eða teiknað hugmyndir sínar upp eða fengið aðstoð frá starfsmanni og sett í kassann sem verða svo tekin fyrir á barnaráðsfundum sem verður settur upp af börnum úr öllum fjórum bekkjum sem munu fara yfir þær hugmyndir sem komu í kassann ásamt fleiri málefni ef þau hafa eitthvað til að leggja fram. Í þessu ráði munu einnig 2 eða fleiri starfsmenn sitja með. Einnig hvetjum við foreldra til að ræða við börnin sín um þeirra skoðanir á starfinu og hvort það sé eitthvað sem hægt er að gera betur og koma því til skila til Álfhóls. Með þessu er verið að þjálfa gagnrýna hugsun og hvetja börnin til samfélagsþátttöku.

Öryggi og verkferlar

Í Álfhól er öryggi barnanna í fyrirrúmi. Sjúkrakassi er inná skrifstofu Álfhóls þar sem finna má helstu nauðsynjar, s.s. plástrar, grisjur, sárahreinsi og fleira. Kælipokar eru geymdir inní ísskáp. Farið er yfir sjúkrakassa mánaðarlega og keypt inn það sem vantar. Allir starfsmenn vita hvar sjúkrakassinn er.

1. Fyrirkomulag inn- og útskráning barna

Á hverjum degi er einn starfsmaður í 1. og 2. bekk og annar í 3. og 4. bekk sem er settur á lista og síma. Þeir aðilar skrá börnin inn í frístund þegar þau mæta, hringja í foreldra ef börnin mæta ekki eða ef aðrar upplýsingar þurfa að komast til foreldra og skrá börnin út úr frístund þegar börnin eru sótt, fara í rútuna eða á æfingu. Foreldrar geta einnig hringt í þann síma í 8636819.

2. Barn mætir ekki

Ef barn mætir ekki í frístund er fyrst athugað hvort barnið hafi mætt í skólann fyrir um daginn eða hvort skýring er á fjarveru þess. Ef engin skýring fæst er haft samband við foreldra og hafin leit.

3. Barn týnist

Í fyrstu er athugað hvort barnið finnst á skólalóðinni ef leitin ber engan árangur er hringt í foreldra barnsins og athugað hvort barnið hafi farið heim eða til vina. Ef svo er ekki er haft samband við lögreglu í samráði við foreldra barnsins.

4. Á ferð með börnum

Öll börn eru klædd í endurskinsvesti þegar farið er í ferðir. A.m.k. eru alltaf tveir starfsmenn með hópnum. Þriðji starfsmaður bætist við ef fjöldinn fer fram yfir 15 börn og fjórði ef fjöldinn fer yfir 30 o.s.frv. Börnin mynda tvöfalda röð þar sem þau leiða einn vin á leiðinni. Einn starfsmaður labbar fyrir framan röðina, annar rekur lestina aftast og þriðji, fjórði o.s.frv. fara í miðjuna. Þegar gengið er yfir gangbraut fara tveir starfsmenn út á gangbraut á sitthvorn vegahelming og passa að bílarnir eru stopp og hleypa því næst öllum börnunum yfir sem labba öll saman.

5. Að fara í íþróttarútu

Starfsmaður sem fer í rútuna með börnunum safnar þeim saman sem eiga að fara á æfingu um 15 mínútum fyrir brottför. Hann passar að allir séu viðstaddir á stoppistöðinni og fylgir þeim svo í rútunni alla leið. Hann sér til þess að börnin sitji með sætisbeltin spennt og hlýði almennum reglum rútunnar. Starfsmaðurinn skráir börnin inní rútuna og út úr rútunni.

6. Alvarleg slys

Ef um alvarlegt slys er að ræða er hringt um leið á sjúkrahús. Einn starfsmaður sér um að huga að barninu og annar hringir í neyðarlínuna. Annað starfsfólk hlúir að öðrum börnum og hringir í foreldra barnsins.

7. Smávægilegir áverkar

Minniháttar meiðsli eru vanalega meðhöndluð með plástrum og kælipokum. Ef um stærri sár er að ræða er búið um sárin eins og starfsfólk veit best og hringt í foreldra og næstu skref tekin í samráði við þau.

8. Rýmingaráætlun

Rýming: Þegar viðvörunarbjöllur hringja skal strax hefja rýmingu.

Skipulag:

Frístund stendur yfir frá kl. 13:30 til 16:30 hvern virkan dag vikunnar.

Í skólahúsnæðinu í Digranesi hefur Frístund sína aðalaðstöðu (heimasvæði) í suðurenda eystri álmu skólans. Auk þess nýta nemendur Frístundar matsal skólans á kaffitíma.

Frístund hefur einnig aðstöðu í rými sem er í norðaustur horni Íþróttahússins í Digranesi.

Við rýmingu:

1. Hópar í matsal fara stystu leið út.
2. Nemendur í sem eru staðsettir í rými Frístundar í Digranesi fari út um aðalinngang Frístundar.
3. Nemendur í aðstöðu Frístundar í Íþróttahúsinu Digranesi fara út um aðalinngang þess rýmis.
4. Þegar nemendur Frístundar hafa aðgang að einhverri kennslustofu í Digranesi undir klúbbastarf þá gildir rýmingaráætlun skólans fyrir það svæði. Forstöðumaður skal kynna flóttaleiðir fyrir það svæði sérstaklega fyrir nemendum og frístundaleiðbeinanda í hvert sinn sem slíkt svæði er notað.

Hver leiðbeinandi skal koma nemendum á sínu svæði út og loka hurð á eftir sér.

Safnast skal saman við söfnunarsvæði og hefja nafnakall þar. Forstöðumaður eða staðgengill hans skal koma nafnalistum á söfnunarsvæði. Upprétt hönd þýðir: Allt í lagi 😊

Söfnunarsvæði er við suðurhlið Digranes, sama söfnunarsvæði og gildir á skólatíma.

Allir bíða þar til tilkynnt hefur verið að hætta sé liðin hjá.

Ef ástæða er til eftir að talning hefur farið fram fylgja kennarar nemendum í Íþróttahúsið í Digranesi og bíða þar.

Söfnunarsvæði nemenda samkvæmt rýmingaráætlun í Digranesi, einnig fyrir Frístund



9. Viðbrögð við vá

Ef upp kemur vá er öryggisteymi skólans tafarlaust kallað saman skólastjóra til ráðgjafar og aðstoðar.

Listi yfir frístundaleiðbeinendur

- **Andri Þór Helgason – forstöðumaður**

- **Una Birna Haukdal – forstöðumaður (í leyfi)**
- **Kjartan Hreiðarsson – aðstoðarforstöðumaður**
- Baldur Haraldsson-frístundaleiðbeinandi
- Birgir Óli – stuðningsfulltrúi
- Breki Brekkan- stuðningsfulltrúi
- Bryndís Laufey - stuðningsfulltrúi
- Dagný Heiða Vilhjálmsdóttir – frístundaleiðbeinandi
- Daníel Sveinsson – stuðningsfulltrúi
- Elsa McLemore – frístundaleiðbeinandi
- Eva Finsen – stuðningsfulltrúi
- Eyrún Ósk Harðardóttir – stuðningsfulltrúi
- Gabriela Sveinsdóttir - frístundaleiðbeinandi
- Guðrún Þórðardóttir- frístundaleiðbeinandi
- Hákon Freyr Jónsson – frístundaleiðbeinandi
- Hång Thanh – stuðningsfulltrúi
- Hrannar Ingi Magnússon – stuðningsfulltrúi
- Jasna Bokan – stuðningsfulltrúi
- Jon Bujupi - stuðningsfulltrúi
- Katrín Björg Hjálmarsdóttir - frístundaleiðbeinandi
- Marta Anna Grączewska – stuðningsfulltrúi
- Oliwia Lukasik – frístundaleiðbeinandi
- Óskar Bjarmi - stuðningsfulltrúi
- Sara Kristín Hlynisdóttir – stuðningsfulltrúi
- Sara Stojanovic - stuðningsfulltrúi
- Sólveig Birna Friðfinnsdóttir – frístundaleiðbeinandi

Símenntunaráætlun

Endurmenntun starfsmanna á sér stað á skipulagsdögum. Á skólaárinu 2024-2025 eru skipulagsdagarnir 13. nóvember og 12. mars.

Skyndihjálpanámskeið fer fram einu sinni á ári sem allt starfsfólk fer á.

Aukin þjónusta

Sumardvöl er í boði fyrir verðandi nemendur 1.bekkjar tvær vikur í ágúst við upphaf skólaárs. Sérstök skráning er í gegnum Sportabler fyrir þennan tíma og vísast til gjaldskrár hverju sinni. Jafnframt eru í boði aukadagar um jól, páska og lok skólaárs fyrir nemendur í frístund og fer sú skráning í gegnum skráningakerfið Vala.is.

Skipulagsdagar

Álfhóll er opin alla daga sem grunnskólar eru starfandi. Á skipulags og samráðsdögum eru langir dagar þ.e.a.s. opið allan daginn frá kl. 08:00 til 16:00/16:30. Þó er Álfhóll með tvo starfsdaga, einn fyrir áramót og einn eftir, þá er frístund lokuð. Skólaárið 2024-2025 eru skipulagsdagar Álfhóls 13. nóvember og 12. mars. Álfhóll er lokaður í vetrarfríum skólanna.